

# **Lífeyrissjóður lækna**

**Ársreikningur 2004**

## Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar .....	2 - 4
Áritun endurskoðenda .....	5
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymi .....	8
Reikningsskilaaðferðir .....	9
Skýringar .....	10 - 14
Kennitölur .....	15
Fjárfestingarstefna .....	16 - 17
Úttekt á ávöxtun einstakra eignasafna .....	18

Lífeyrissjóður lækna  
Kennitala: 430269-5779  
Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík

## Skýrsla stjórnar

Hlutverk Lífeyrissjóðs lækna er að veita sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og eftirlifandi mökum þeirra og börnum maka- og barnalífeyri. Sjóðfélagar geta orðið allir íslenskir lækna og þeir lækna erlendir sem starfa eða starfað hafa hér á landi samkvæmt kjarasamningum lækna. Sjóðurinn er samtryggingarsjóður og eru réttindi aldurstengd.

### Raunávöxtun

Árið 2004 var raunávöxtun Lífeyrissjóðs lækna 12,6%. Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er 2,7% og síðustu 10 ára 6,4%.

Góð ávöxtun var á innlendum verðbréfamarkaði árið 2004. Innlendur hlutabréfamarkaður hækkaði verulega á árinu 2004 og hækkaði vísitala aðallista Kauphallar Íslands um 52,6% á árinu. Innlend skuldabréf gáfu einnig góða ávöxtun á árinu 2004 og hækkaði viðmiðunarvísitala skuldabréfa um 12,2% árið 2004. Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 14,7% í dollurum árið 2004 en þar sem krónan styrktist um 14,0% gagnvart dollara á árinu lækkaði heimsvísitalan um 1,4% í íslenskum krónum.

Taflan sýnir ávöxtun sjóðsins, ávöxtun helstu verðbréfaflokka, eignasamsetningu sjóðsins og þróun helstu vísitalna.

<b>Ávöxtun í %</b>		
Nafnávöxtun 2004	17,0	
Raunávöxtun 2004	12,6	
Meðalraunávöxtun sl. 5 ár (2000-2004)	2,7	
Meðalraunávöxtun sl. 10 ár (1995-2004)	6,4	
<b>Ávöxtun verðbréfaflokka 2004 í %</b>	<b>Nafn</b>	<b>Raun</b>
Skuldabréf	13,7	9,4
Innlend hlutabréf	71,2	64,8
Erlend hlutabréf	-3,4	-7,0
<b>Eignir 31.12.2004 í %</b>	<b>Safn</b>	<b>Stefna</b>
Skuldabréf	63	50
Innlend hlutabréf	16	10
Erlend hlutabréf	21	40
<b>Þróun helstu vísitalna árið 2004 í %</b>		
Vísitala neysluverðs	3,9	
Markflokkar skuldabréfa 6 ár	12,2	
Heildarvísitala aðallista	52,6	
Heimsvísitala hlutabréfa (USD)	14,7	
Heimsvísitala hlutabréf (ÍSK)	-1,4	
Gengisvísitala krónunnar	-8,6	

### Stærð, fjöldi sjóðfélaga og lífeyrisþega

Heildareignir Lífeyrissjóðs lækna í árslok 2004 voru 18,6 milljarðar og stækkaði sjóðurinn um 3,1 milljarð á árinu eða um 20%.

Á skrá hjá sjóðnum eru 2.064 lækna. Virkir sjóðfélagar eru 1.086 (meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu) en 1.131 lækna greiddu iðgjald einhvern tímann á árinu 2004. Greidd iðgjöld voru 793 milljónir króna og hækkuðu þau um 3,3%.

Lífeyrissjóðurinn greiddi 383 milljónir króna í lífeyri á árinu og jukust þær um 16% frá fyrra ári. Lífeyrir var greiddur til 244 lífeyrisþega, 172 vegna ellilífeyris, 7 vegna barnalífeyris, 50 vegna makalífeyris og 15 vegna örorkulífeyris.

Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður Lífeyrissjóðs lækna voru samtals 26 milljónir árið 2004. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum var 0,1%.

## Skýrsla stjórnar

### Fjárfestingar

Á árinu 2004 eru keypt verðbréf umfram seld 1.746 milljónir króna sem sundurliðast þannig:

<i>Verðbréf</i>	<i>milljónir króna</i>
Innlend hlutdeildarskírteini	-307
Erlend hlutdeildarskírteini	1.060
Innlend hlutabréf	-414
Lán til sjóðfélaga	276
Önnur skuldabréf	1.131

### Lán til sjóðfélaga

Haustið 2004 jókst samkeppni á húsnæðislánamarkaði þegar bankar og sparisjóðir lækkuðu verulega vexti á verðtryggðum fasteignaveðslánum. Í kjölfarið endurskoðaði stjórn Lífeyrissjóðs lækna lánareglur sjóðsins og lækkaði vexti á lánum til sjóðfélaga, bæði á nýjum lánum og áður veittum lánum.

Sjóðfélagar eiga rétt á lánum ef þeir greiða iðgjöld til sjóðsins og hafa greitt í sjóðinn a.m.k. 200.000 kr. í iðgjöld. Fasteignaveð þarf að vera til tryggingar lánnum og má veðsetning ekki fara yfir 60% af metnu markaðsverði íbúðarhúsnæðis eða 35% af metnu markaðsverði atvinnuhúsnæðis. Veðsetning má aldrei fara yfir 85% af brunabótamati. Ekkert þak er á lánsfjárhæð en veðsetning verður að vera innan veðsetningarmarkna í lánareglunum. Lánstími er 40 ár eða styttri tími að vali sjóðfélaga. Lánin eru verðtryggð og bera 4,2% fasta vexti.

Á árinu 2004 voru veitt lán til sjóðfélaga fyrir alls 276 milljónir (83 lán, meðallán 3,3 milljónir) en árið 2003 var fjárhæðin 315 milljónir (104 lán, meðallán 3,0 milljónir).

### Tryggingafræðileg staða

Á árinu 2004 voru birtar nýjar lífs- og örorkulíkur sem verða notaðar til að reikna lífeyrisskuldbindingar lífeyrissjóða. Lífslíkurnar eru byggðar á mannfjöldatölum Hagstofunnar á árunum 2000-2003 og sýna að meðalævilengd Íslendinga heldur áfram að aukast en síðustu 30 ár hefur t.d. meðalævilengd 65 ára karla og kvenna aukist um 2,7 ár eða um 18%. Örorkulíkurarnar eru byggðar á gögnum frá lífeyrissjóðum frá árunum 1999-2002 en áður voru notaðar danskar örorkulíkur. Reynsla íslenskra lífeyrissjóða bendir til þess sjóðirnir þurfi almennt að reikna með hærri örorkutíðni en áður var talið en einnig kemur fram í þessum gögnum að örorkutíðni er mjög mismunandi milli sjóða.

Í febrúar 2005 var framkvæmd tryggingafræðileg athugun á sjóðnum sem miðaðist við árslok 2004. Helstu niðurstöður nýlegrar tryggingafræðilegrar athugunar eru að eignir sjóðsins voru 99% af áunnum skuldbindingum. Hins vegar voru eignir sjóðsins að meðtöldu verðmæti framtíðariðgjalda 0,6% umfram heildarskuldbindingar. Vegna lengingar á meðalævilengd versnaði tryggingafræðileg staða sjóðsins um 2,8 prósentustig miðað við það sem áður hafði verið talið. Ekki er talin ástæða til að hækka örorkuskuldbindingar sjóðsins vegna nýrra örorkulíka sem byggja á íslenskum veruleika þar sem að örorkutíðni í Lífeyrissjóði lækna er mjög lág miðað við það sem almennt gerist.

### llaekna.is

Á heimasíðu Lífeyrissjóðs lækna, [www.llaekna.is](http://www.llaekna.is), geta sjóðfélagar fylgst með fréttum frá sjóðnum og lesið um starfsemi hans og þjónustu við sjóðfélaga. Þar geta sjóðfélagar m.a. séð nýjustu fréttir og tilkynningar frá sjóðnum og skoðað yfirlit með upplýsingum um innborganir og áunnin lífeyrisréttindi. Á heimasíðunni er jafnframt reiknivél en í henni geta sjóðfélagar reiknað dæmi um inneign í séreignarsjóði og lífeyrisgreiðslur í starfslok. Sjóðfélagar geta einnig skoðað upplýsingar um öll lán sem þeir eru með hjá Lífeyrissjóði lækna. Fyrir einstök lán er hægt er að skoða upplýsingar um gjalddaga og greiðslur sem eru nánar sundurliðaðar í afborganir, vexti, dráttarvexti, verðbætur og kostnað.

## Skýrsla stjórnar

### Fjárfestingarstefna LL

Í nóvember var fjárfestingarstefna sjóðsins endurskoðuð í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um form og efni fjárfestingarstefna lífeyrissjóða. Við endurskoðunina var m.a. farið yfir aldurssamsetningu sjóðfélaga, tryggingafræðilega stöðu og sögulega ávöxtun á verðbréfamarkaði. Fjárfestingarstefna sjóðsins er óbreytt frá því sem verið hefur að öðru leyti en því að stjórn sjóðsins samþykkti að veita sjóðstjóra heimild til að beita gjaldmiðlastýringu. Heimildin er veitt til að draga úr sveiflum vegna flökts á gengi krónunnar. Úrdráttur úr fjárfestingarstefnu sjóðsins er fylgiskjal ársreikningsins, sjá bls. 16-17. Nokkuð vantar upp á að eignir sjóðsins séu í samræmi við fjárfestingarstefnuna og er stefnt að því að ná markmiðum um eignasamsetningu í árslok 2011.

### Námskeið fyrir sjóðfélaga

Veturinn 2004-2005 skipulögðu Almenni lífeyrissjóðurinn og Lífeyrissjóður lækna í samvinnu við Íslandsbanka eftirfarandi námskeið um lífeyrismál og eftirlaunasparnað:

Námskeið	Efni
<b>Námskeið um lífeyrismál og eftirlaunasparnað</b>	Námskeið fyrir sjóðfélaga um lífeyrismál og sparnað til eftirlaunaáranna.
<b>Námskeið fyrir lífeyrisþega</b>	Námskeið fyrir lífeyrisþega og þá sem eru farnar að huga að töku lífeyris.
<b>Námskeið fyrir nýja sjóðfélaga</b>	Námskeið fyrir sjóðfélaga sem hafa tiltölulega nýlega hafið störf á vinnumarkaði og eru að byrja að byggja upp lífeyrisréttindi.
<b>Konur og lífeyrismál</b>	Námskeið um lífeyris- og tryggingamál kvenna.
<b>Hlutabréf og eignastýring</b>	Námskeið um eignastýringu og helstu leiðir við val á hlutabréfum og uppbyggingu eigna.
<b>Námskeið fyrir launagreiðendur</b>	Námskeið fyrir starfsmenn launadeilda eða þá sem sjá um greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda.

Auk þess var haldinn árlegur haustfundur Lífeyrissjóðs lækna í október. Á fundinum var fjallað sérstaklega um lífeyrismál ungra lækna en einnig voru veittar upplýsingar um afkomu sjóðsins á árinu.

### Tillaga um sameiningu Lífeyrissjóðs lækna og Almenna lífeyrissjóðsins

Haustið 2003 hófust könnunarviðræður við stjórn Almenna lífeyrissjóðsins um hugsanlegt samstarf eða sameiningu sjóðanna. Í janúar sl. undirrituðu stjórnir sjóðanna viljayfirlýsingu um að stefna að sameiningu sjóðanna frá og með 1. júlí nk. Tilgangurinn er að lækka kostnað og auka áhættudreifingu. Tillögur um sameiningu sjóðanna verða lagðar fyrir ársfundi sjóðanna sem verða haldnir í apríl 2005.

Stjórn Lífeyrissjóðs lækna og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikning lífeyrissjóðsins fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. mars 2005

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Porkell Bjarnason

Gunnar Baldvinsson

Ólafur Örn Arnarson

Hafsteinn Sæmundsson

## Áritun endurskoðenda

### Til stjórnar Lífeyrissjóðs lækna

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs lækna fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um reikningsskilaaðferðir, skýringar nr. 1 - 9 og kennitölur. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Lífeyrissjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Lífeyrissjóðsins á árinu 2004, efnahag hans 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 17. mars 2005

**PricewaterhouseCoopers hf.**

Valdimar Guðnason

## Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2004

	Skýringar	2004	2003
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðsfélaga .....		302.780	324.481
Iðgjöld launagreiðenda .....		490.711	446.298
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		(509)	(2.538)
		<u>792.982</u>	<u>768.241</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	1	383.300	329.997
		<u>383.300</u>	<u>329.997</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>			
Tekjur af eignarhlutum .....	2	858.353	383.518
Vaxtatekjur og gengismunur .....	3	1.806.689	1.750.493
Breyting á niðurfærslu verðbréfaeignar .....	4	11.426	3.214
		<u>2.676.469</u>	<u>2.137.225</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		10.542	6.961
		<u>10.542</u>	<u>6.961</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		15.117	14.135
		<u>15.117</u>	<u>14.135</u>
<b>Hækkun á hreinni eign á árinu</b>			
		3.060.492	2.554.373
Hrein eign frá fyrra ári .....		15.564.174	13.009.801
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris</b>		<u><u>18.624.666</u></u>	<u><u>15.564.174</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2004

Eignir	Skýringar	2004	2003
<b>Fjárfestingar</b>	5		
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	6	13.293.740	10.889.290
Verðbréf með föstum tekjum .....		3.283.551	2.381.879
Veðlán .....		2.034.779	2.281.921
Aðrar fjárfestingar .....		1.336	1.336
		<u>18.613.406</u>	<u>15.554.426</u>
<b>Kröfur</b>			
Aðrar kröfur .....		5.892	7.466
		<u>5.892</u>	<u>7.466</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Handbært fé .....		16.899	4.412
		<u>16.899</u>	<u>4.412</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>18.636.197</u>	<u>15.566.304</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Viðskiptaskuldir</b>			
Ýmsar skuldir .....		11.531	2.130
		<u>11.531</u>	<u>2.130</u>
<b>Samtals hrein eign til greiðslu lífeyris</b>		<u>18.624.666</u>	<u>15.564.174</u>



## Sjóðstreymi ársins 2004

	2004	2003
<b>Inngreiðslur</b>		
Iðgjöld .....	792.982	805.562
Fjárfestingartekjur .....	570.488	524.052
Afborganir verðbréfa .....	793.973	557.277
Seld verðbréf með breytilegum tekjum .....	2.311.412	811.696
Seld verðbréf með föstum tekjum .....	492.619	0
Aðrar inngreiðslur .....	9.514	2.849
	<u>4.970.988</u>	<u>2.701.436</u>
<b>Útgreiðslur</b>		
Lífeyrir .....	383.300	329.997
Fjárfestingargjöld .....	9.577	7.134
Rekstrarkostnaður .....	14.180	14.095
Aðrar útgreiðslur .....	1.803	19.517
	<u>408.860</u>	<u>370.743</u>
<b>Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu</b>	<u>4.562.128</u>	<u>2.330.693</u>
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum .....	2.650.195	1.615.239
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum .....	1.623.065	471.305
Ný veðlán og önnur útlán .....	276.381	314.976
	<u>4.549.641</u>	<u>2.401.520</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	12.487	(70.827)
Handbært fé í ársbyrjun .....	4.412	75.239
<b>Handbært fé í árslok</b>	<u>16.899</u>	<u>4.412</u>

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

### Matsaðferðir

Við samningu reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg niðurstaða t.d. við innlausn eða sölu þeirra liða, sem tengjast matinu, getur hins vegar orðið önnur en niðurstaða samkvæmt matsaðferðunum.

### Fjárfestingar

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Önnur bréf eru metin á framreiknuðu kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra reynist. Verðbréf í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi í árslok 2004. Vegna óvissu í tengslum við mat óskráðra erlenda hlutabréfa er færð sérstök niðurfærsla vegna þeirra ef ástæða þykir til.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftarreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hafa sérstakar áhættur verið metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla.

Veðlán eru útlán til sjóðsfélaga og önnur útlán sem veitt eru gegn veði í fasteignum. Veðlán eru færð til eignar með áföllnum verðbótum miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2005.

Aðrar fjárfestingar eru fullnustueignir, sem metnar eru á kostnaðarverði eða markaðsverði hvort sem lægra er og eignarhlutur í Eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða um verðbréfaskráningu ehf.

Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru eignfærðar á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir eru bókfærðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2005. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstóligna eru færðar í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

### Handbært fé

Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

### 1. Lífeyrir

Greiddur lífeyrir greinist þannig:	2004	2003
Ellilífeyrir .....	305.522	257.314
Örorkulífeyrir .....	31.527	27.209
Makalífeyrir .....	44.427	43.563
Barnalífeyrir .....	1.824	1.911
	<u>383.300</u>	<u>329.997</u>

### 2. Tekjur af eignarhlutum

Tekjur (gjöld) af eignarhlutum greinast þannig:

Af innlendum hlutabréfum .....	882.598	308.643
Af erlendum hlutabréfum .....	(24.245)	74.875
	<u>858.353</u>	<u>383.518</u>

### 3. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:

Hlutdeildarskírteini .....	1.318.496	1.315.421
Verðbréf með föstum tekjum og veðlán .....	447.854	417.167
Afleiðusamningar .....	30.167	8.933
Bankainnstæður .....	5.091	3.340
Dráttarvextir .....	4.378	5.633
Aðrar vaxtatekjur .....	703	0
	<u>1.806.689</u>	<u>1.750.493</u>

### 4. Breyting á niðurfærslu

Breyting á niðurfærslu greinist þannig:

Niðurfærsla 1/1 2004 .....	56.448
Afskrifuð töpuð lán á árinu .....	(3.756)
Tekjufærð niðurfærsla .....	<u>(11.426)</u>
Niðurfærsla 31/12 2004 .....	<u>41.266</u>

## Skýringar

### 5. Fjárfestingar

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:	2004	2003
Innlend hlutabréf:		
Skráð bréf .....	1.722.245	1.286.409
Óskráð bréf .....	208	1.207
	<u>1.722.454</u>	<u>1.287.616</u>
Erlend hlutabréf:		
Skráð bréf .....	544.494	562.799
Óskráð bréf .....	44.453	82.100
	<u>588.947</u>	<u>644.899</u>
Innlend hlutdeildarskírteini:		
Sjóðir með ríkistryggðum skuldabréfum .....	5.621.910	3.398.888
Sjóðir með hlutabréfum .....	1.269.848	1.342.641
Sjóðir með markaðsskuldabréfum .....	897.954	2.013.890
	<u>7.789.712</u>	<u>6.755.419</u>
Erlend hlutdeildarskírteini:		
Sjóðir með hlutabréfum .....	3.158.782	2.189.761
	<u>3.158.782</u>	<u>2.189.761</u>
Afleiðusamningar:		
Framvirkir gjaldmiðlasamningar .....	25.739	0
Valréttarsamningar .....	0	10.834
Gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar .....	8.106	761
	<u>33.845</u>	<u>11.595</u>
<b>Verðbréf með breytilegum tekjum alls</b>	<u>13.293.740</u>	<u>10.889.290</u>
Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:		
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	1.247.481	588.304
Bankabréf .....	1.155.766	736.423
Önnur bréf .....	880.304	1.057.152
	<u>3.283.551</u>	<u>2.381.879</u>
Veðlán greinast þannig:		
Lán til sjóðfélaga .....	1.667.198	1.694.051
Önnur veðlán .....	367.581	587.870
	<u>2.034.779</u>	<u>2.281.921</u>
Aðrar fjárfestingar greinast þannig:		
Fullnustueignir .....	376	376
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaskráningu ehf. ....	960	960
	<u>1.336</u>	<u>1.336</u>
Fjárfestingar í gjaldmiðlum greinast þannig:		
Fjárfestingar í íslenskum krónum .....	14.779.097	12.324.185
Fjárfestingar í USD .....	3.769.830	3.160.243
Fjárfestingar í DKK .....	0	1.040
Fjárfestingar í GBP .....	8.518	8.839
Fjárfestingar í EUR .....	55.961	60.119
	<u>18.613.406</u>	<u>15.554.426</u>

## Skýringar

### 6. Verðbréf með breytilegum tekjum

Hlutabréfaeign greinist þannig:	Nafnverð	Eignarhlutdeild	Markaðsverð 2004	Markaðsverð 2003
<b>Hlutabréf skráð á aðallista Kauphallar Íslands</b>				
Actavis Group hf. ....	600	0,02%	23.220	0
Bakkavör Group hf. ....	600	0,04%	14.584	0
Burðarás hf. ....	9.545	0,17%	114.545	188.340
Fjárfestingarfélagið Straumur hf. ....	700	0,01%	6.685	0
Flugleiðir hf. ....	800	0,03%	7.880	0
Íslandsbanki hf. ....	105.015	0,94%	1.176.173	885.253
Jarðboranir hf. ....	11.110	2,78%	224.422	109.989
KB Banki hf. ....	177	0,03%	78.085	0
Kögun hf. ....	586	0,03%	27.262	17.568
Landsbanki Íslands hf. ....	948	0,01%	11.465	0
Líftækni sjóðurinn MP Bio hf. ....	2.500	1,34%	3.400	7.876
Nýherji hf. ....	0	0,00%	0	47.520
Og Fjarskipti hf. ....	3.754	0,11%	12.012	0
Opin Kerfi Group hf. ....	0	0,00%	0	2.262
Samherji hf. ....	0	0,00%	0	12.874
Síldarvinnslan hf. ....	0	0,00%	0	2.377
Sláturfélag Suðurlands svf. ....	0	0,00%	0	12.350
Össur hf. ....	294	0,09%	22.512	0
			<u>1.722.245</u>	<u>1.286.409</u>
<b>Óskráð félög</b>			Bókfært verð	Bókfært verð
Loðnuvinnslan hf. ....	346		207	207
Plastos umbúðir hf. ....	1.000		1	1.000
			<u>208</u>	<u>1.207</u>
<b>Innlend hlutabréfaeign samtals</b>			<u>1.722.453</u>	<u>1.287.615</u>
<b>Erlend hlutabréf skráð</b>			Markaðsverð	Markaðsverð
Morgan Stanley fjárvarsla .....			543.850	562.014
DeCode Genetics Inc. ....			644	785
			<u>544.494</u>	<u>562.799</u>
<b>Erlend hlutabréf óskráð</b>			Bókfært verð	Bókfært verð
Allied Resource Corp. ....			23.823	47.645
Icelandic Venture S.A. (Uppspretta) .....			8.360	12.000
OZ.COM .....			1	11
Puralube Inc. ....			4.883	12.814
Scandinavian Pizza Comp. ....			0	1.040
BioStradum Inc. ....			7.386	8.590
			<u>44.453</u>	<u>82.100</u>
<b>Erlend hlutabréfaeign samtals</b>			<u>588.947</u>	<u>644.899</u>

## Skýringar

### Hlutdeildarskírteini

Hlutdeildarskírteini greinast þannig:	Markaðsverð 2004	Markaðsverð 2003
<b>Innlend hlutdeildarskírteini</b>		
Sjóður 1 Innlend hlutabréf .....	879.393	586.193
Sjóður 6 Aðallistasjóður .....	1.269.848	1.005.911
Sjóður 7 Löng ríkisskuldabréf .....	4.052.251	3.398.887
Sjóður 9 Peningamarkaðsbréf .....	18.561	19.683
Sjóður 11 Löng skuldabréf .....	1.569.659	1.408.014
Sjóður 19 Fjármál .....	0	89.383
Sjóður 20 Heilsuvernd .....	0	77.662
Sjóður 21 Lífstíll .....	0	94.672
Sjóður 22 Tækni .....	0	75.013
	<u>7.789.712</u>	<u>6.755.419</u>
<b>Erlend hlutdeildarskírteini</b>		
ISB Global Equity .....	503.867	86.263
Vanguard, S&P 500 Stock Index Fund .....	579.779	513.052
Vanguard, European Stock Index Fund .....	447.358	352.241
Vanguard, Global Stock Index Fund .....	1.138.454	925.292
Wllington, Global Equity .....	489.324	312.913
	<u>3.158.782</u>	<u>2.189.761</u>
<b>Hlutdeildarskírteini samtals</b>	<u>10.948.494</u>	<u>8.945.179</u>
<b>Afleiðusamningar</b>		
Framvirkir gjaldmiðlasamningar .....	25.739	0
Valréttarsamningar .....	0	10.834
Gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar .....	8.106	761
	<u>33.845</u>	<u>11.595</u>
<b>Verðbréf með breytilegum tekjum samtals</b>	<u>13.293.739</u>	<u>10.889.290</u>

### 7. Laun til stjórnar og endurskoðenda

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	1.840	1.780
Launatengd gjöld .....	197	215
	<u>2.037</u>	<u>1.995</u>

Sjóðurinn hafði enga starfsmenn á árinu. Heildarlaun og þóknunir til stjórnar námu 1.840 þúsundum króna. Þóknun til Íslandsbanka hf. vegna umsjónar nam 13.991 þúsund króna.

Launagreiðslur til stjórnarmanna greinast þannig í þúsundum króna:

Þorkell Bjarnason, stjórnarformaður .....	800
Hafsteinn Sæmundsson .....	400
Ólafur Örn Arnarson .....	400
Ellen Mooney .....	80
Kristján Guðmundsson .....	80
Vilhelmína Haraldsdóttir .....	80
	<u>1.840</u>

Þóknun til endurskoðenda nam 1.541 þúsund króna að meðtöldum virðisaukaskatti. Þar af er um 150 þúsund krónur vegna annarrar þjónustu.

## Skýringar

### 8. Afleiðusamningar

Framvirkir samningar og gjaldmiðlaskiptasamningar greinast þannig í þúsundum króna:

	Gjaldmiðlaskipta- samningar	Framvirkir samningar	2004	2003
Eignir í íslenskum krónum .....	72.842	671.180	744.023	250.022
Skuldir í erlendri mynt .....	(64.736)	(645.441)	(710.177)	(238.427)
	<u>8.106</u>	<u>25.739</u>	<u>33.845</u>	<u>11.595</u>

Framvirkir samningar og gjaldmiðlaskiptasamningar hafa verið gerðir til að draga úr misvægi á gjaldmiðlasamsetningu erlendra verðbréfaeignar sjóðsins gagnvart gengisvog íslensku krónunnar og til að draga úr gjaldeyrisáhættu sjóðsins. Afkoma lokaðra samninga og þeirra sem voru opnir í árlök eru færð í reikningskilin.

### 9. Tryggingafræðileg úttekt

Í febrúar 2005 var framkvæmd tryggingafræðileg athugun sem miðaðist við árslok 2004. Helstu niðurstöður úttektarinnar, miðað við að 3,5% ávöxtun náist á eignir sjóðsins umfram hækkun vísitölu neysluverðs næstu áratugina voru, að eignir sjóðsins nema 99% af áunnum skuldbindingum og að eignir sjóðsins að meðtöldu verðmæti framtíðariðgjalda voru 0,6% umfram heildarskuldbindingar. Tryggingafræðileg staða batnar mikið frá fyrra ári vegna góðrar ávöxtunar á árinu 2004 en lenging meðalævi frá því sem reiknað var með dregur úr batanum.

Sundurliðun tryggingafræðilegrar athugunar í milljónum króna:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
<b>Eignir</b>			
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....	18.624,7		18.624,7
Endurmat .....	823,7		823,7
Lækkun v/núvirði fjárfestingakostnaðar .....	(216,3)		(216,3)
Núvirði framtíðariðgjalda .....		10.489,7	10.489,7
Eignir samtals .....	<u>19.232,1</u>	<u>10.489,7</u>	<u>29.721,8</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir .....	14.424,0	7.332,2	21.756,2
Örorkulífeyrir .....	902,5	710,5	1.613,0
Makalífeyrir .....	3.907,6	1.794,8	5.702,4
Barnalífeyrir .....	13,5	90,6	104,1
Rekstrarkostnaður .....	184,4	195,7	380,1
Skuldbindingar samtals .....	<u>19.432,0</u>	<u>10.123,8</u>	<u>29.555,8</u>
<b>Eignir umfram skuldbindingar</b>	<u>(199,9)</u>	<u>365,9</u>	<u>166,0</u>
<b>Eignir í hlutfalli af skuldbindingum</b>	<u>-1,0%</u>	<u>3,6%</u>	<u>0,6%</u>

## Kennitölur

	2004	2003	2002	2001	2000
Raunávöxtun .....	12,6%	13,1%	-3,9%	-2,4%	-4,2%
Hrein raunávöxtun .....	12,5%	13,0%	-4,0%	-2,5%	-4,2%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) .....	2,7%	3,3%	2,4%	4,9%	7,8%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum .....	71,0%	69,5%	64,8%	64,3%	64,5%
Skráð verðbréf með föstum tekjum .....	15,2%	9,7%	11,3%	18,0%	17,9%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum .....	0,4%	0,5%	0,8%	1,0%	1,4%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum .....	2,5%	5,6%	4,9%	0,0%	0,0%
Veðlán .....	10,9%	14,7%	18,2%	16,6%	16,1%
Annað .....	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%	0,1%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Skipting verðbréfaeignar eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum .....	79,4%	79,2%	81,6%	75,3%	72,5%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	20,6%	20,8%	18,4%	24,7%	27,5%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Fjöldi sjóðfélaga .....	1.086	1.104	1.217	1.204	1.159
Fjöldi lífeyrisþega .....	244	228	211	207	180
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir .....	79,7%	78,0%	79,4%	78,8%	74,6%
Örorkulífeyrir .....	8,2%	8,2%	7,3%	8,6%	11,8%
Makalífeyrir .....	11,6%	13,2%	12,6%	12,2%	13,3%
Barnalífeyrir .....	0,5%	0,6%	0,7%	0,4%	0,3%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar .....	-1,0%	-3,1%	-17,8%	-11,0%	-1,9%
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar .....	0,6%	0,1%	-9,7%	-4,8%	-6,7%
Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum .....	1,9%	1,8%	1,7%	1,9%	2,6%
Rekstrarkostnaður í % af eignum .....	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Lífeyrir í % af iðgjöldum .....	48,3%	43,0%	39,5%	38,7%	29,8%
Stöðugildi á árinu .....	0	0	0	0	0



## Fjárfestingarstefna

### Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs lækna 2005

í samræmi við reglur FME um form og efni fjárfestingarstefna lífeyrissjóða

Markmið Lífeyrissjóðs lækna, LL, er að ávaxta fé sjóðfélaga á hagkvæman hátt og tryggja þeim bestu ávöxtun miðað við áhættu (skilgreind með flökti ársávöxtunar).

Sjóðstjóri skal ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Eignasamsetning LL skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Fjárfestingarstefna	Markmið um eignasamsetningu	Vikmörk %	Núverandi eignasamsetning	Hámark skv. samþ.	Gengisbundin verðbréf	Vikmörk %	Óskráð verðbréf	Vikmörk %
<b>Skuldabréf</b>	<b>50,0%</b>	+25/-0%						
Innlán, laust fé		+5	1,3%		0,0%	+10		
Skuldabr. m.áb. ríkisins	<b>20,0%</b>	+20/-10%	32,9%		0,0%	+10	0,0%	+10
Skuldabr. bæjar- og sveitarf.	<b>3,0%</b>	+5/-3	3,7%	50,0%	0,0%	+10	0,0%	+10
Skuldabr. fjármálastofnanna	<b>7,5%</b>	+10/-5	8,0%	50,0%	0,0%	+10	0,0%	+10
Fasteignaveðtryggð skuldabr.	<b>12,0%</b>	+10/-10	11,8%		0,0%	+10		
Önnur verðbréf	<b>7,5%</b>	+10/-5	5,2%	50,0%	0,0%	+10	0,0%	+10
<b>Hlutabréf</b>	<b>50,0%</b>	+0/-25						
Innlend hlutabréf	<b>10,0%</b>	+10/-5	16,5%	50,0%			0,0%	+10
Erlend hlutabréf	<b>40,0%</b>	+5/-25	20,6%	50,0%	40,0%	+5/-25	0,0%	+10
<b>Samtals</b>	<b>100,0%</b>		100,0%		40,0%			
<b>Hámark skv. samþykktum</b>					50,0%		10,0%	

Taflan sýnir fjárfestingarstefnu LL og er hún sett fram í töflu samkvæmt uppsetningu í reglum FME um form og efni fjárfestingarstefna lífeyrissjóða.

Í töflunni eru eftirfarandi upplýsingar:

Markmið um eignasamsetningu / vikmörk:

Fyrsti dálkurinn sýnir markmið um eignasamsetningu og annar dálkurinn leyfileg frávik frá henni. Sjóðstjóri hefur heimild til að víkja frá fjárfestingarstefnu þannig að eign sjóðsins í tilgreindum verðbréfaflokki sé á leyfðu bili kringum stefnuna.

Núverandi eignasamsetning:

Eignasamsetning LL 31.10.2004

Hámark skv. samþykktum:

Hámarksfjárfesting samkvæmt takmörkunum í lögum um lífeyrissjóði.

Gengisbundin verðbréf / vikmörk:

Dálkurinn sýnir stefnu sjóðsins um fjárfestingar í erlendum verðbréfum. LL stefnir ekki að því að fjárfesta í erlendum skuldabréfum en samkvæmt vikmörkum hefur sjóðstjóri heimild til að fjárfesta allt að 10% í erlendum skuldabréfum. LL stefnir að því að fjárfesta 40% af eignum í erlendum hlutabréfum.

Óskráð verðbréf / vikmörk:

Sjóðurinn stefnir ekki að því að fjárfesta neitt í óskráðum verðbréfum en hefur þó heimild til að fjárfesta allt að 10% í óskráðum verðbréfum ef þau teljast hagstæð fyrir sjóðinn.

#### Önnur atriði úr fjárfestingarstefnu LL.

1. Nokkur munur er á markmiði um eignasamsetningu og núverandi eignasamsetningu. Stefnt er að því að eignasamsetning verði í samræmi við fjárfestingarstefnuna í árslok 2011. Þessu markmiði verði náð með ráðstöfun iðgjalda og afborgana skuldabréfa.

## Fjárfestingarstefna

2. Viðmiðunarvísitala er notuð til viðmiðunar þegar árangur við ávöxtun er metinn. Markmið LL er að gera a.m.k. jafnvel og vísitölurnar og vinna þannig upp kostnaðinn við rekstur sjóðsins. Viðmiðunarvísitala LL er samsett úr eftirtöldum verðbréfavísitölum:

Markflokkar skuldabréfa í Kauphöll Íslands með 6 ára meðaltíma	50%
Vísitala aðallista	10%
MSCI heimsvísitala hlutabréfa	40%

3. Virk stýring hlutabréfa. Gert er ráð fyrir að a.m.k. 50-70% hlutabréfa séu valin með hlutlausri stýringu en 30-50% valin með virkri stýringu.

Ef hlutabréf eru valin með hlutlausri stýringu er leitast við að fjárfesta í fyrirtækjum í sömu hlutföllum og þau vega á markaðnum og er stefnt að því að ávöxtun sé sú sama og viðmiðunarvísitala. Sjóður með virka stýringu reynir að gera betur en vísitala með því að veðja á að ákveðin fyrirtæki hækki meira en önnur og því eru þau valin inn í sjóðinn.

4. Veðhlutföll fasteignatryggðra skuldabréfa skulu að hámarki vera 65% af metnu markaðsverði fasteignar. Á lánum til sjóðfélaga er hámarkið 65% af metnu markaðsverði íbúðarhúsnæðis en þó aldrei hærra en 85% af brunabótamati. Ef um er ræða sérhæft atvinnuhúsnæði er hámarkið 35% af metnu markaðsverði.
5. Samanlögð eign LL í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, fasteignatryggðum skuldabréfum, skuldabréfum banka og sparisjóða, innlánum í bönkum og sparisjóðum, hlutabréfum fyrirtækja, hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og öðrum verðbréfum útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörkun fyrir „önnur verðbréf“ er 5%.
6. Hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra fyrirtækja er 15% og hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af sömu deild verðbréfasjóðs er 25%.
7. Markmið um gjaldmiðlasamsetningu verðbréfasafnsins er að 40% verði í erlendri mynt og 60% í íslenskum krónum. Viðmiðun fyrir myntsamsetningu erlendar gjaldmiðlaeignar Lífeyrissjóðs lækna er gjaldmiðlaskipting heimsvísitölnnar MSCI.

Lífeyrissjóður lækna beitir gjaldmiðlastýringu á hluta af erlendum eignum til að draga úr sveiflum vegna flöks á gengi krónunnar og að hagnast með stöðutöku. LL stefnir að því að allt að 30% af erlendum eignum séu í gjaldmiðlastýringu.

8. Við mótun fjárfestingarstefnu LL var gerð spá um ávöxtun helstu verðbréfaflokka næstu fimm ár. Til þess að meta áhættu voru notaðar upplýsingar um flökt ávöxtunar og samfylgni verðbréfa á árunum 1993 til 2004. Út frá þessu er áætlað að meðalnafnávöxtun geti verið 8,2% á ári og árlegt flökt ávöxtunar 9,0%. Ávöxtun verðbréfa sveiflast og er háð mörgum þáttum og því verður að taka þessum tölum með fyrirvara.

Staðfest af stjórn LL 18. nóvember 2004.

## Úttekt á ávöxtun einstakra eignasafna

Úttekt á ávöxtun einstakra eignasafna samkvæmt reglugerð nr. 966/2001 um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og úttektar á ávöxtun.

Úttekt á raunávöxtun Lífeyrissjóðs lækna árið 2004.

Eignaflokkur	Raunáv.	Markmið/viðmið
<b>Skuldabréf</b>		8,0%
Innlán í bönkum og sparisjóðum	2,3%	
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	9,5%	
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	6,9%	
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnanna	7,0%	
Fasteignaverðtryggð skuldabréf	5,7%	
Önnur verðbréf	7,5%	
Skuldabréf með erlendri hlutabréfaávöxtun	4,7%	
<b>Hlutabréf</b>		
Innlend hlutabréf	64,8%	46,9%
Erlend hlutabréf (gengisbundin verðbréf)	-7,0%	-5,1%

Samkv. 6. grein skal þessi tafla fylgja með ársreikningi lífeyrissjóðs.

Við ávöxtunarútreikningana var ávöxtun verðbréfasjóða Íslandsbanka brotin niður á eignaflokka og var meðalvægi Lífeyrissjóðs lækna, þ.e. meðaltal af vægi í ársbyrjun og árslok, í viðkomandi sjóði notað til að nálgast „réttar“ ávöxtunartölur fyrir hvern eignaflokk fyrir sig.

Verðbréfasjóðir Íslandsbanka eru gerðir upp m.v. markaðskröfu. Við útreikning á ávöxtun eru reiknaðir út afkastavextir (IRR, internal rate of return) fyrir viðeigandi verðbréf, verðbréfaflokk eða verðbréfasafn hverju sinni. Útreikningarnir taka tillit til allra hreyfinga innan hvers verðbréfaflokks eða verðbréfasafns.

Við ávöxtunarútreikning á þeim skuldabréfum sem sjóðurinn á beint var reiknað með kaupávöxtunarkröfu.